



Reykjavíkurborg

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 13. júní 2019

R19060107

Borgarráð

Laufrimi 14 c - heimild til sölu fasteignar til Félagsbústaða.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að selja fasteignina Laufrima 14c, íbúð með fasteignanúmerið F 222-9866, á 2. hæð hússins nr. 14c við Laufrima í Reykjavík merkt 01-0211 til Félagsbústaða, kt. 510497-2799, Hallveigastíg 1, 101 Reykjavík fyrir kr. 39.704.100.-

Greinargerð :

Reykjavíkurborg keypti fasteignina Laufrima 14C, með fasteignanúmerið F 222-9866 í október 2017 sem skyldi framleigjast til velferðarsviðs. Leigutaki íbúðarinnar hætti að leigja íbúðina af velferðarsviði og hafa Félagsbústaðir lýst áhuga sínum að kaupa eignina fyrir áframhaldandi útleigu fyrir skjólstæðinga velferðarsviðs. Kaupverðið miðast við fyrra kaupverð eignarinnar að viðbættum áföllnum kostnaði.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Drög að kaupsamningi og afsali fyrir Laufrima 14c með fasteignanúmerið F 222-9866.

KAUPSAMNINGUR OG AFSAL

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu við Tjörnina, 101 Reykjavík, (seljandi) selur hér með Félagsbústöðum, kt. 510497-2799, Hallveigastíg 1, 101 Reykjavík, (kaupandi) fasteignina:

Íbúð með fasteignanúmerið 222-9866, á 2. hæð hússins nr. 14C við Laufrima í Reykjavík merkt 01-0211, ásamt öllu því sem eigninni fylgir og fylgja ber þ.m.t. tilheyrandi hlutdeild í sameign og lóðarréttindi.

Kaupandi hefur kynnt sér þinglýstan lóðarleigusamning í skjal 411-B14833/1996 og þinglýstar eignaskiptayfirlýsingar í skjölum 411-B014837/1996, 411-A-016682/1996 og 411-A-017528/1996.

Birt flatarmál eignarinnar er 84,9 fermetrar, sem skiptist í 83,2 fermetra íbúð og 1,7 fermetra geymslu. Eignarhluti íbúðar í heildarhúsi (matshluta) er 4,06% og er hlutfallstala í hitakostnaði 4,07%.

Kaupverð kr. 39.704.100.- skrifað krónur
þrjátíuogníumilljónursjöhundruðogfjögurpúsundogeitthundrað, sem greiðist við undirritun kaupsamnings afsals.

Afhending eignar er við kaupsamning og afsal.

Lögskil fara fram við afsal. Eignin selst veðbandalaus.

Eignin er seld í því ástandi sem hún er í nú og kaupandi hefur kynnt sér.

Kaupandi greiðir þinglýsingar- og stimpilgjöld vegna þinglýsingar á afsali og kaupsamningi þessum.

Kaupandi og seljandi brunatryggja eignina hjá VÍS.

Lög um fasteignakaup nr. 40/2002 gilda að öðru leyti um réttarstöðu seljanda og kaupanda við fasteignakaup þessi.

Félagsbústaðir samþykktu kaup þessi á stjórnarfundi þann xxxxx

Reykjavík 12. júní 2019.

Samþykkur f.h. Reykjavíkurborgar

Vottar að rétttri undirskrift, hæfi og dagsetningu:

kt.

Samþykkur f.h. Félagsbústaða

kt.